

Íþróttafólk ársins

1. Útnefning og verðlaun

- 1.1. BFSÍ útnefnir árlega Íþróttafólk ársins til verðlauna hjá ÍSÍ út frá tölfræðilegum útreikningi á grundvelli árangurs íþróttafólks á mótum tímabilsins.
- 1.2. BFSÍ veitir til viðbótar viðurkenningu til þeirra íþróttamanna sem eru hæstir í tölfræðilegum útreikningi í hverjum bogaflokki fyrir sig.

2. Val íþróttafólks sem fer í tölfræðilegan útreikning.

- 2.1. Íþróttamenn sem náð hafa a.m.k. þrem af eftirfarandi atriðum fara í tölfræðilegan útreikning.
 - 2.1.1. Hæsta skor í undankeppni tímabils á vegalengdum opins flokks utandyra eða innandyra.
 - 2.1.2. Hefur unnið Íslandsmeistaratitil eða er Bikarmeistari BFSÍ í opnum flokki á tímabilinu.
 - 2.1.3. Er meðal 3 hæstu á heimslista fyrir Ísland í opnum flokki einstaklinga við lok tímabils.
 - 2.1.4. Hefur keppt í a.m.k. einu A eða B landsliðsverkefni á tímabilinu.
- 2.2. Íþróttastjóra BFSÍ er heimilt að bæta við íþróttamanni í tölfræðilegan útreikning sem hefur ekki náð a.m.k. 3 af afrekunum hér fyrir ofan, ef íþróttamaðurinn hefur skarað fram úr á annan veg.
- 2.3. Tímabilið sem er metið er frá 1. janúar til 30. nóvember hvert ár.

3. Ferli og útreikningur

- 3.1. Starfsfólk BFSÍ safnar gögnum og sér um tölfræðilegan útreikning.
- 3.2. Útreikningi og vali skal vera lokið í síðasta lagi 10 desember ár hvert og valið sent stjórnar BFSÍ og til ÍSÍ ásamt greinagerð um íþróttafólkið.
- 3.3. Útreikningi og vali má ljúka fyrir lok tímabils ef öllum mótum sem hafa vægi í útreikningum er lokið.
- 3.4. Valið byggist á fjórum bestu niðurstöðum móta íþróttafólks á tímabilinu samanlagt.
- 3.5. Niðurstaða hvers móts er reiknuð út miðað við fjölda keppenda mótsins, eftir stuðli mótsins og sæti íþróttamanns í undankeppni og útsláttarkeppni mótsins á eftirfarandi veg:
 - 3.5.1.
$$=(((\text{„fjöldi keppenda“} - \text{„sæti íþróttamanns í undankeppni“})/(\text{„fjöldi keppenda“} - 1)) + ((\text{„fjöldi keppenda“} - \text{„sæti í útsláttarkeppni“})/(\text{fjöldi keppenda} - 1))) / 2 * \text{stuðull mótsins.}$$
- 3.6. Stuðull móta til útreiknings (óháð íþróttagrein og keppnisgrein):
 - 3.6.1. **4** – A landsliðsverkefni í Afrekstefnu BFSÍ
 - 3.6.2. **3** – B landsliðsverkefni í opnum flokki í Afreksstefnu BFSÍ
 - 3.6.3. **2.5** – B landsliðsverkefni ungmenna í Afreksstefnu BFSÍ
 - 3.6.4. **2** – C landsliðsverkefni í opnum flokki í Afreksstefnu BFSÍ
 - 3.6.5. **1.5** – C landsliðsverkefni ungmenna/öldunga í Afreksstefnu BFSÍ
 - 3.6.6. **1** – D verkefni í Afreksstefnu BFSÍ

4. Ófyrirséð atvik

- 4.1. Stjórn BFSÍ er heimilt er að ógilda tölfræðilega valið undir gifurlega óvenjulegum kringum stæðum. Skal val íþróttafólks ársins í slíkum undantekningartilvikum byggt á atkvæðum formanna bogfímifélaga innan BFSÍ. Valið skal vera úr því íþróttafólki sem valið var í tölfræðilegan útreikning.
 - 4.1.1. Stjórn BFSÍ skal færa ítarleg og skýr rök fyrir notkun þessa undantekningaákvæðis.